

## Umsóknarferlið

### 1. Skoðun á íbúð / Opið hús

Ef þú hefur áhuga á að skoða fasteign sem Alma hefur í umsýslu, biðjum við þig um að senda okkur tölvupóst á [al@al.is](mailto:al@al.is) með upplýsingum um íbúðina sem þú hefur áhuga á að skoða. Við setjum upp tíma með þér sem allra fyrst.

### 2. Umsókn um íbúð

Ef þú hefur áhuga á að taka íbúð á leigu sem Alma hefur til umsýslu, biðjum við þig um að senda okkur formlega umsókn í gengum umsóknarvef okkar, <http://www.al.is> eða senda okkur tölvupóst á [al@al.is](mailto:al@al.is). Með umsókninni biðjum við þig um að skila inn eftirfarandi gögnum:

- Staðfestingu á atvinnu, skólavist og/eða fjárhagslegri aðstoð.
- Meðmælum frá fyrri leigusala hafir þú verið á leigumarkaði áður.
- Lánshæfismati Credit info, sem sótt er á [www.creditinfo.is](http://www.creditinfo.is)
- Sakavottorð fyrir alla íbúa eldri en 18 ára

Þegar öllum umsóknargögnum hefur verið skilað er umsóknin tekin til skoðunar.

### 3. Leigusamningur undirritaður

Sé umsóknin þín samþykkt munum við bjóða þér að skrifa undir leigusamning. Við undirritum alla leigusamninga rafrænt og því óþarft fyrir þig að koma við á skrifstofu okkar nema þú viljir fá samninginn á pappír. Hafir þú hins vegar hug á að þinglýsa leigusamningi þínum þá þarft þú frumrit á pappír og afrita hann á löggiltan skjalapappír. Gjaldið fyrir löggilta skjalapappírinn er 2500 kr.-.

### 4. Afhending íbúðar

Áður en íbúð er afhent þarf að leggja fram **tryggingu** en fjárhæð hennar fer eftir tegund leigusamnings. Þá er rétt að benda á að **umsýslugjald** er rukkað í upphafi samningstíma og skal greitt áður en íbúð er afhent. Umsýslugjaldið er 40.000 kr.-

Lyklar eru svo afhentir í íbúðinni á þeim degi sem samningur hefst. Ekki er hægt að fá lykla afhenta fyrr nema greitt sé fyrir það sérstaklega. Við afhendingu er framkvæmd úttekt á íbúðinni sem höfð er til hliðsjónar þegar íbúðinni er skilað að leigusamningi loknum.

### 5. Greiðsla leigu

Leiga er greidd fyrirfram, einn mánuð í einu. Við sendum út greiðsluseðla rafrænt en hægt er að senda greiðsluseðil með bréfpósti sé sérstaklega óskað eftir því.

### Hafðu samband

Hafir þú einhverjar spurningar eða vilt koma ábendingum á framfæri getur þú haft samband við okkur með því að senda okkur tölvupóst á [al@al.is](mailto:al@al.is) eða hringt til okkar í síma 519-6450.

Þá ertu einnig ávallt hjartanlega velkomin til okkar í heimsókn á skrifstofu okkar sem staðsett er í Sundagörðum 8. Þá minnum við einnig á heimasíðuna okkar, [www.al.is](http://www.al.is) en þar er hægt að finna hagnýtar upplýsingar.

Hlökkum til að heyra frá þér!